

Nd.

**361. Nefndarálit**

[111. mál]

um till. til þál. um rekstur fiskibáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur haft tillöguna til athugunar og leggur til, að hún verði samþykkt með nokkurri breytingu.

Aðalefni tillögunnar er það, að fram verði látin fara rannsókn á því, hversu margir fiskibáatar verði ekki gerðir út á vetrarvertíðinni vegna fjárhagslegra erfiðleika.

Þetta telur n. rétt að athugað verði.

Þá er lagt til í tillögu flm., að ríkisstjórninni verði falið að beita sér fyrir nauðsynlegri fjáröflun, til þess að unnt verði að gera út alla rekstrarhæfa vertíðarbáta, ef athugunin leiðir í ljós, að þess sé þörf.

Nefndin telur rétt að umorða þennan hluta tillögunnar og leggur til, að hún verði samþykkt svo breytt.

**BREYTINGARTILLAGA:**

Tillgr. orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma nú þegar sérstaka athugun á því, hversu margir fiskibáatar í landinu munu ekki verða gerðir út á vetrarvertíðinni vegna fjárhagsörðugleika viðkomandi fyrirtækja og hversu mikils fjár er þörf, til þess að unnt sé að hefja útgerð þeirra.

Leiði þessi athugun í ljós verulega þörf fyrir aukið rekstrarfé, kanni ríkisstjórnin möguleika á útvegum þess og geri aðrar tiltækar ráðstafanir til að tryggja, að rekstrarhæfir báatar, sem henta til vetrarútgerðar, verði gerðir út.

Alþingi, 6. marz 1968.

Birgir Finnsson,  
form.

Lúðvík Jósefsson,  
frsm.

Pétur Sigurðsson,  
með fyrirvara.

Guðlaugur Gíslason,  
með fyrirvara.

Björn Pálsson.

Ragnar Jónsson.